



Rekstraruppgjör 2011

Íþróttar- og tómstundasvið
Reykjavíkur



Rekstraruppgjör ÍTR 2011

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Hvernig uppgjorið er unnið	3
Almennt um árið.....	3
Breytingar á áætlun	5
Tekjur	5
Laun og launatengd gjöld.....	5
Annar rekstrarkostnaður	6
Sölustarfsemi	6
Viðskiptakröfur	7
Ferðakostnaður	8
Símakostnaður	8
Rekstraryfirlit	9
Frávikagreining einstakra starfsstaða	11
Yfirstjórn	11
Skrifstofa tómstundamála.....	11
Skrifstofa Íþróttamála.....	13
Sameiginlegir liðir	17
Styrkir.....	18

#

Inngangur

Árið 2011 var minnisstætt að mörgu leiti fyrir ÍTR, á árinu voru 25 ár liðin frá því að sviði var stofnað með sameiningu Íþróttaráðs Reykjavíkur og Æskulýðsráðs Reykjavíkur og á afmælisárinu var sviðinu skipt sviðinu upp þannig að frístundahluti sviðsins fluttist yfir á nýtt skóla- og frístundasvið sem var stofnað formlega 12. september 2011. Ekki var gengið formlega frá breytingu á fjárhagsáætlun þannig að uppgjör ÍTR fyrir árið 2011 gerir grein fyrir rekstri sviðsins eins og skipulagsbreytingarnar hefðu ekki átt sér stað.

En það voru fleiri starfsstaðir sem áttu stórafmæli á árinu. Vesturbæjarlaug varð 50 ára, Breiðholtslaugin varð 30 ára, Frístundamiðstöðin Frostaskjól varð 25 ára og Hitt húsið 20 ára.

Afkoma ársins er ekki var ekki í samræmi við markmið sem sett voru fram í fjárhagsáætlun ársins. Í upphafi sumars var ljóst að hagræðingaraðgerðir sem að var stefnt myndu ekki allar ná fram að ganga, meðal annars vegna stjórnkerfisbreytinga og var fjármálaskrifstofu og borgarstjóra gerð grein fyrir fyrirsjáanlegum frávikum.

Í lok árs 2010 var settur á fót starfshópur sem átti að greina tækifæri í rekstri leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila, ein af niðurstöðum hópsins var að flytja frístundaheimili ÍTR undir rekstur grunnskóla. Stuttu eftir að starfshópurinn lauk sinni vinnu var ákveðið að flytja allan rekstur skrifstofu tómstundamála á nýtt svið. Á árinu 2011 hefur mikill tími stjórnenda og annarra starfsmanna farið í að vinna að þessum breytingum sem voru ákveðnar á vormánuðum sem hefur dregið fókusinn af rekstri ársins.

Hluta af hallarekstri sviðsins má rekja til innbyrðis viðskipta ÍTR við önnur svið borgarinnar. ÍTR þurfti að taka á sig mikinn kostnað vegna leigu á íþróttamannvirkjum skóla vegna breytinga á viðmiðum menntasviðs á leigu sundlauga skóla. Kostnaður vegna norræns grunnskólamóts féll allur á sviðið en hefð hefur verið fyrir því að ÍTR og menntasvið skipti kostnaðinum jafnt.

Það er von ÍTR að þær breytingar sem voru gerðar á stjórnsýslu borgarinnar á árinu 2011 muni skila jafngóðri eða betri þjónustu til hagsbóta fyrir borgarbúa. Það er mikill söknuður af öllu því góða starfsfólki sem fluttist yfir nýs sviðs.

Hvernig uppgjórið er unnið

Í uppgjörinu er samanburður á milli rekstrarniðurstöðu og endurskoðaðrar áætlunar

Í frávikagreiningu er allaf samanburður á milli rekstrarniðurstöðu og fjárhagsáætlunar.

Aftast í skýrslunni er gerð grein fyrir frávikum allra kostnaðarstaða sem eru með meira en 1% frávik frá áætlun.

Í skýrslunni er fjallað um:

- Breytingu á fjárhagsáætlun
- Samanburður fjárhagsáætlunar og rekstrarniðurstöðu
- Tekjur
- Launakostnað
- Innri leigu/Húsaleigu
- Annan rekstrarkostnað
- Sölustarfsemi
- Viðskiptakröfur – Afskriftir
- Ferðakostnað
- Símakostnað
- Rekstraryfirlit
- Frávikagreining einstakra starfsstaða

Almennt um árið

Árið 2011 hefur verið viðburðarríkt í rekstri ÍTR. Í upphafi árs var vinnuhópur í gangi sem átti að meta kosti og galla samreksturs í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum. Ein af tillögum hópsins var að farið yrði í tilraunaverkefni með samrekstur grunnskóla og frístundaheimila með það að leiðarljósi að frá hausti 2012 yrðu frístundaheimilin alfarið undir rekstri grunnskólanna.

Í apríl voru samþykktar stjórnkerfisbreytingar þar sem rekstur leikskóla-, menntasvið og frístundahluta ÍTR var sameinaður í Skóla- og frístundasviði. Sameiningin gekk í gegn 12. september en ekki var gengið frá formlegum breytingum á fjárhagsáætlunum sviðanna. Í uppgjörsskýrslu ÍTR er gerð grein fyrir rekstri sviðsins eins og breytingarnar hafi ekki átt sér stað.

Um mitt ár var fjármálastjóra og borgarstjóra gerð grein fyrir að afkoma sviðsins yrði ekki í samræmi við fjárhagsáætlun. Vegna vinnu sem sett var af stað í nóvember 2010 um sameiningu í leik-, grunnskólum og frístundaheimilum frestaðist vinna ÍTR við sameiningar starfseininga innan sviðsins. Einnig var bent á að miklar líkur væru á að lægri tekjur kæmu frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna reksturs frístundaklúbba fyrir 10-16 ára ungmenni. Við gerð fjárhagsáætlunar var gert ráð fyrir óbreyttu framlagi Velferðarsviðs vegna sundferða

Rekstraruppgjör ÍTR 2011

aldraðra og öryrkja en samkvæmt áætlun Velferðarsviðs var framlagið lækkað um 30%, en ekki var hægt að bregðast við þeirri lækkun.

Í uppgjörsskýrslu ÍTR er gerð grein fyrir rekstri sviðsins eins og stjórnkerfisbreytingar hefðu ekki gengið fram fyrr en um áramótin. Formleg ábyrgðarskil áttu sér stað 12. september 2011 en ekki var gerð breyting á fjárhagsáætlun sviðanna. Öll uppgjör sem hafa verið gerð eftir stjórnkerfisbreytingar hafa verið gerð þannig að frístundahlutinn er enn hluti af rekstri ÍTR.

Aðsókn í sundlaugar borgarinnar dróst töluvert saman miðað við fyrra ár, alls komu um 1,8 m gesta í laugarnar á árinu sem er fækkun um 134.000 gesti. Stóran hluta af fækkun gesta má rekja til þess að á árinu 2010 var börnum og ungmennum boðið frítt í sund yfir sumartímann. Á haustmánuðum var gert mikið átak í viðhaldsmálum sundstaða sem hefur haft nokkur áhrif á aðsókn í laugarnar.

Meðal verkefna ÍTR á árinu varðandi atvinnumál ungs fólks var rekstur vinnumiðlunar í Hinu Húsinu vegna sumarráðninga skólafólks, svokölluð Vítamín-námskeið. Helstu samstarfsaðilar voru auk stofnana borgarinnar, Vinnumálastofnun / Ungt fólk til athafna og fjöldi íþrótta- og æskulýðsfélaga og fyrirtækja sem réðu til sín ungt fólk í starfsþjálfun eða afleysingar.

Styrkir til íþrótta- og æskulýðsmála er stærsti einstaki liðurinn í rekstri ÍTR með 41,1% af heildarrekstri. Skrifstofa tómstundamála nemur 25,7% af heildarrekstri, þar af eru frístundaheimilin og frístundaklúbbarnir 13,5% af heildinni.



Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn er launakostnaður sem nemur 38% af brúttóútgjöldum. Þar á eftir er húsaleiga sem nemur 34,6% af brúttóútgjöldum. Þessir tveir liðir eru því 72,6% af brúttókostnaði sviðsins. Orkukostnaður allra mannvirkja ÍTR er 2,1% af brúttóútgjöldum.



Rekstraruppgjör ÍTR 2011

Breytingar á áætlun

Nokkrar breytingar voru gerðar á fjárhagsáætlun ÍTR á árinu með samþykkt borgarráðs og borgarstjórnar.

Upphafleg áætlun	6.387.831
<i>Breytingar</i>	
Kostnaðaráhrif kjarasamninga	114.009
Atvinnumál ungs fólks	218.000
Verðbætur vegna innri leigu	48.297
Verðbætur vegna innri leigu áhalda	389
Hagræðing í miðægri stjórnsýslu	-5.488
Hátíðahöldin 17. júní	3.000
Samtals breytingar	378.207
Endurskoðuð áætlun	6.766.038

Athygli er vakin á að óhagstæðari verðlagsþróun vegna innri leigu er leiðrétt í áætlun en ekki vegna annarar húsaleigu, en ÍTR leigir eignir fyrir fleiri hundruð milljónir af þriðja aðila. Áhrifin af þessari leiðréttingu er að verðlagsforsendur í fjárhagsáætlun eru orðnar tvær, annars vegar eru það forsendur sem voru gefnar út við vinnslu fjárhagsáætlunar sem eru nýttar fyrir allan rekstur og svo hinsvegar forsendur fyrir innri leigu sem er raunveruleg verðlagsþróun.

Tekjur

Niðurstaða	Áætlun	Endurskoðuð áætlun
1.423.308	1.416.255	1.416.255

Tekjur eru 7.052 þkr yfir áætlun, frávikið má rekja til eftirfarandi liða:

- Framlags vinnumálastofnunar vegna atvinnuátaksverkefna
- Tekjur vegna samstarfsverkefna í Hinu húsinu
- Aukin aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýrgarðingum
- Lægri framlaga frá Jöfnunarsjóði vegna Frístundaklúbba
- Lægri húsaleigutekna vegna yfirtöku íþróttafélaga á íþróttamannvirkjum en tekjurnar færast ekki lengru hjá ÍTR heldur íþróttafélögunum.

Laun og launatengd gjöld

Niðurstaða	Áætlun	Endurskoðuð áætlun
3.154.965	2.895.777	3.227.690

Launakostnaður er 72.725 þkr undir áætlun, frávikið má rekja til eftirfarandi liða

Rekstraruppgjör ÍTR 2011

- Atvinnuátaksverkefna í samstarfi við Vinnumálastofnun
- Aukins stuðningskostnaðar í frístundaheimilum
- Yfirtöku íþróttafélaga á íþróttahúsum
- Sameiningaráformum sem ekki gengu í gegn
- Betri árangur í endurskipulagningu vaktakerfa í sundlaugum

Annar rekstrarkostnaður

Niðurstaða	Áætlun	Endurskoðuð áætlun
5.148.417	4.908.310	4.954.604

Annar rekstur er 193.813 þkr yfir áætlun ársins, frávikið má rekja til eftirfarandi liða:

- Ráðstöfun frístundakortsins
- Verðbóta vegna Egilshallar og Íþrótt- og sýningarhallar.
- Hækkunar á leigu skólasala Menntasviðs
- Aukinna kaupa á aðföngum í veitingasölu vegna aukinna sölu
- Samstarfsverkefna í Hinu húsinu, á móti koma hærri tekjur
- Aukins framlags ÍTR vegna norrænu grunnskólaleikanna
- Framlags til íþróttafélaga vegna yfirtöku íþróttahúsa, á móti kemur lægri launakostnaður
- Gjaldfærslu á undirbúningskostnaði framkvæmdasviðs á mannvirkjum fyrir Fylki og vatnaparadís

Sölustarfsemi

Á mörgum starfstöðum ÍTR eru starfræktar sölubúðir í einhverju formi. Í félagsmiðstöðvum eru um litlar rekstrareiningar að ræða sem velta litlum fjárhæðum en í sundlaugum, Ylströnd og Fjölskyldu- og húsdýragarði er um verulega veltu að ræða.

Heildarvelta þessarar starfsemi á árinu 2011 nam 131.408 þkr. án virðisaukaskatts og er það aukning um 7,3% frá fyrra ári.

Rekstraruppgjör ÍTR 2011

<i>Þús.kr.</i>	Árb.laug	Breiðh.laug	Grafav.laug	Laugard.l.	Sundhöll	Vestb.laug	Ylströnd	Fjsk.garður
Sala	16.859	5.760	18.032	32.643	781	4.346	7.934	45.053
Birgðir 1/1	819	891	1.053	768	291	229	0	1.031
Innkaup	11.811	4.136	14.624	22.209	443	3.051	4.383	19.920
Birgðir 31/12	-780	-1.008	-886	-1.230	-141		0	-852
KSV	11.850	4.019	14.791	21.747	593	3.280	4.383	20.099
Álagning	5.009	1.741	3.241	10.896	188	1.066	3.551	24.954
Álagning % '11	42,3%	43,3%	21,9%	50,1%	31,7%	32,5%	81,0%	124,2%
Álagning % '10	41,0%	52,0%	26,7%	47,4%	65,6%	64,3%	82,8%	97,2%
Álagning % '09	40,8%	37,9%	18,1%	52,7%	139,6%	69,0%	81,8%	97,4%
Álagning % '08	69,5%	61,8%	105,7%	54,2%	52,3%	68,9%	55,6%	77,9%
Álagning % '07	78,5%	96,5%	48,7%	59,8%	63,4%	61,8%	100,3%	90,0%
Álagning % '06	83,4%	59,4%	55,0%	54,5%	15,1%	50,9%	65,4%	73,8%
Álagning % '05	58,6%	40,8%	52,9%	37,6%	19,1%	20,8%	69,2%	83,8%

Viðskiptakröfur

Í árslok voru ógreiddar viðskiptakröfur að fjárhæð kr. 162.247.596,- Hafa verður í huga að tekjur vegna frístundaheimila, kr. 73.716.890,- eru innheimtar eftirá og því eru allar tekjur vegna desembermánaðar ógreiddar um áramót. Kröfunar skiptast þannig að 75.584.819,- eru vegna einstaklinga og 86.662.777,- vegna fyrirtækja, stofnana og nágrannasveitarfélaga.

Aldurgreining krafna er:

2011	88.169.967
2010	29.942.502
2009	16.055.544
2008 og eldra	28.079.583
Samtals	162.247.596

Elstu kröfurnar hafa verið í lögfræðinnheimtu og verður að telja litlar líkur á innheimtu þeirra.

Á árinu 2011 voru kröfur að fjárhæð samtals kr. 4.741.450,- afskrifaðar. Um er að ræða kröfur sem voru endursendar frá lögfræðingi eftir árangurslaust fjárnám eða viðkomandi kröfur töldust ekki innheimtanlegar af öðrum ástæðum. Á undanförunum tveimur árum hafa afskriftir hjá ÍTR aukist verulega, sem er mikið áhyggjuefni. Það er ekki eingöngu hægt að kenna ástandinu í þjóðfélaginu um þessar auknu afskriftir, gæði þjónustu innheimtufyrirtækja hlýtur að hafa eitthvað að segja. Frá því að samið var við Momentum hefur innheimtan farið versnandi og eru nokkur dæmi um að Motus nái að innheimta kröfur af einstaklingum sem Momentum er búíð að afskrifa að fullu. Það hafa þó verið jákvæðar breytingar í innheimtunni, fleiri kröfur sem eru að innheimtast fyrir milliinnheimtustig en var á árabílinu 2009-2010.

Lög um greiðsluáðlögun einstaklinga hefur töluverð áhrif á innheimtu krafna hjá ÍTR. Á meðan greiðsluáðlögunarferlið er í gangi má ekki krefja þann sem er í ferlinu um greiðslu. Reynsla innheimtufyrirtækja er að niðurstaða greiðsluáðlögunar er að oftast er algjör niðurfelling ótryggra gjalda eða umtalsverð niðurfærsla þeirra. Eftirstöðvar þeirra eiga svo að

Rekstraruppgjör ÍTR 2011

greiðast á 36 mánuðum. Hver greiðsla getur orðið mjög lág og hafa komið dæmi um að einstaklingar séu að greiða allt niður í 12 krónur á mánuði. Við samþykkt Umboðsmanns skuldara á greiðsluaðlögun einstaklinga ber að taka kröfurnar sem falla undir samþykktina úr innheimtu með tilheyrandi kostnaði fyrir kröfuhafa.

Ferðakostnaður

Farnar voru 32 ferðir í tengslum við starfsemi ÍTR á árinu 2011, þar af 8 innanlands. Almennt séð var ekki veitt heimild til utanfarar nema búið væri að tryggja 100% fjármögnun ferðar með styrkjum, þannig að ekki félli kostnaður á ÍTR. Bókfærður nettókostnaður eftir að tekið hefur verið tillit til styrkja er kr. 2.745.305,- en þar vega mest ferðir fulltrúa stjórnar ÍTR á íþróttasýningu í Köln og ungmennaskipti hjá frístundamiðstöðinni Ársel, en styrkur kom á móti þeim kostnaði.

Símakostnaður

Samtals eru 270 GSM símar á skrá hjá ÍTR og þarf af er búið að gera farsímasamninga við notendur 217 númera. Mismunurinn stafar að miklu leyti af því að í nokkrum sírstöðvum er GSM kort til að nýta alltaf mögulega lægsta verð við símtal úr borðsíma, einnig er nokkuð um GSM posa og einnig eru nokkrir GSM símar nýttir í staðinn fyrir talstöðvar í sundlaugum. Það eru 180 númer sem flytjast yfir til skóla- og frístundasviðs.

Heildarkostnaður vegna GSM notkunar á árinu var kr. 7.646.610,-. Kostnaður vegna 39 númera var hærri en samningsviðmið kveða á um og er umframkostnaður samtals kr. 1.114.467,-, skoðaðar voru ástæður umframnotkunar og var hann settur í innheimtu. Af þessum 39 símanúmerum eru 24 sem flytjast yfir á skóla- og frístundasvið umframkostnaður vegna þessara númera nemur samtals kr. 709.423,-

Tölur úr bókhaldi: 02.03.2012 16:22
Allir - Skipulagseining (36)

REKSTUR janúar-deseember 2011								
eining ¹	Tekjur	Laun og launa- tengd gjöld	Annar rekstar- kostnaður	Rekstar- niðurstaða	Esk. áætlun tímabils	Frávik tímabils	Hlutfall af Esk. áætlun tímabils	
Íþróttta- og tómstundasvið								
<i>Yfirstjórn ÍTR:</i>								
Íþróttta- og tómstundaráð	I1990	10.959	941	11.900	11.577	(323)	103%	
Yfirstjórn ÍTR	I2000	120.910	6.977	127.887	125.166	(2.721)	102%	
		131.869	7.918	139.787	136.743	(3.044)	102%	
<i>Atvinnumál:</i>								
Atvinnumál	I2050	19.449	336.720	1.710	318.980	320.110	1.130	100%
		19.449	336.720	1.710	318.980	320.110	1.130	100%
<i>Tómstundamál:</i>								
Fristundamiðstöðin Miðberg	I301	4.081	75.131	46.349	117.399	119.737	2.338	98%
Fristundamiðstöðin Kringlumýri	I302	3.730	88.487	47.823	132.579	126.974	(5.605)	104%
Fristundamiðstöðin Kampur	I303	3.514	54.289	12.036	62.812	54.018	(8.794)	116%
Fristundamiðstöðin Ársel	I304	5.195	86.424	57.298	138.527	139.871	1.344	99%
Fristundamiðstöðin Frostaskjól	I305	2.460	46.493	16.088	60.121	60.324	203	100%
Fristundamiðstöðin Gufunesbær	I309	13.538	104.839	38.205	129.506	112.324	(17.182)	115%
Félagsstarf í hverfum	I3510	1.674	2.002	7.269	7.598	9.924	2.326	77%
Starfsemi fyrir fatlaða	I3720			1.934	1.934	4.544	2.610	43%
Sumargrín og smíðavellir	I3880	105	6.286	2.535	8.716	8.662	(54)	101%
Sumarnámskeið fyrir börn	I3910			18.240	18.240	25.604	7.364	71%
Hitt Húsið	I4000	58.554	112.875	71.638	125.959	129.934	3.975	97%
Siglingar í Nauthólsvík	I5300	3.588	18.908	7.690	23.010	22.689	(321)	101%
Fristundaheimili ÍTR	I71	414.125	966.353	205.041	757.269	785.394	28.125	96%
Gæsluvellir	I7170			742	742		(742)	
Fristundaklúbbar	I7180	49.168	172.536	48.895	172.263	148.376	(23.887)	116%
Þróunarverkefni	I7550	27	8.847	2.420	11.241	11.584	343	97%
		559.759	1.743.471	584.203	1.767.915	1.759.959	(7.956)	100%
<i>Íþróttamál:</i>								
Laugardalslaug	I5000	221.941	214.149	378.501	370.709	359.152	(11.557)	103%
Vesturbæjarlaug	I5010	71.154	73.055	56.873	58.773	59.163	389	99%
Sundhöll	I5020	45.778	72.381	63.083	89.687	97.112	7.426	92%
Breiðholtslaug	I5030	54.204	87.683	86.503	119.981	111.056	(8.925)	108%
Íþróttahúsið Austurberg	I5031	18.906	10.381	45.685	37.161	37.193	32	100%
Árbæjarlaug	I5040	84.220	88.874	163.374	168.028	160.898	(7.130)	104%
Grafarvogslaug	I5050	80.546	91.449	134.728	145.631	151.079	5.448	96%
Íþróttahús Grafarvogi	I5051	9.538	5.137	81.742	77.342	75.887	(1.455)	102%
Íþróttamiðstöðin Klébergi	I5060							
Hvammsvík	I5070	(16)	21	109	145		(145)	
Ylströnd í Nauthólsvík	I5080	8.993	16.909	26.309	34.224	32.541	(1.684)	105%
Íþróttahús í Seljahverfi	I5220	7.703	4.547	43.667	40.511	39.391	(1.120)	103%
Íþróttahús KHÍ	I5230	14.226	18.324	12.116	16.214	16.160	(54)	100%
Laugaból	I5240	16.667	7.521	144.664	135.518	133.320	(2.198)	102%
Þjónusta við félög	I540		1.140	34.613	35.754	40.020	4.267	89%
Þjónustudeild ÍTR	I5400			9.242	9.242		(9.242)	
Gervigrasvöllur við Austurberg	I5411	14.463		70.314	55.851	54.716	(1.135)	102%
Sparkvellir	I5422							
Íþróttastarfsemi fyrir aldraða	I5500		5.389	2.474	7.863	9.219	1.356	85%
Heilsuborgin Reykjavík	I5600			3	3		(3)	
Skíðabrekkur	I6403		1.151	3.949	5.100	5.071	(30)	101%
Skíðasvæði - fólkvangur	I6800							
Framlag til Skíðasvæðis höfuðborgarsvæðis	I6900			73.860	73.860	73.860		100%
Miðlægur kostnaðarstaður sundlauga	I8469	296	13.672	(1.034)	12.343	14.104	1.761	88%
		648.619	711.783	1.430.775	1.493.939	1.469.943	(23.996)	102%
<i>Önnur starfsemi:</i>								
Kynningar- og markaðsmál	I2010			5.541	5.541	7.344	1.803	75%
Fræðsla og jafnréttismál	I2020		790	7.023	7.813	13.352	5.539	59%
Rannsóknir og kannanir	I2030		1.256	(645)	612	930	319	66%
Menningartengd starfsemi	I7600	2.499	3.417	2.566	3.484	3.278	(206)	106%
Hátíðahöld 17. júní	I8000	3.069	968	17.176	15.075	13.000	(2.075)	116%
Fólkvangur Kjalamesi	I8250							
Fjölskyldu- og húsdýragarður	I840	157.771	171.302	120.161	133.692	132.437	(1.255)	101%
Sameiginlegur kostnaður ÍTR	I8460	8.184	5.426	33.989	31.232	18.643	(12.589)	168%
Langtímaveikindi og leyfi	I8461		40.596	29	40.625	38.698	(1.927)	105%
Stöðugildi þjónustumiðstöðvar	I8463			30.460	30.460	30.460		100%
Leiga tölvubúnaðar - UTM	I8465			51.070	51.070	50.000	(1.070)	102%
Gjaldfærð lausafjárkaup	I8999			9.675	9.675	10.006	331	97%
		171.522	223.756	277.045	329.279	318.149	(11.130)	103%

Styrkir:

Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála	I9010	2.300	12.291	9.991	10.000	9	100%	
Húsaleiga af borgarmannvirkjum	I9050		766.977	766.977	755.479	(11.498)	102%	
Byggingastyrkir	I9300		45.000	45.000	45.000		100%	
Í.B.R. v/íþróttastarfsemi	I9310							
Húsaleigu- og æfingastyrkir	I9320	21.658	1.648.033	1.626.375	1.584.472	(41.903)	103%	
Fristundakort	I9340	7.367	371.837	379.204	365.795	(13.409)	104%	
Stofnstyrkir	I9998		2.628	2.628		(2.628)		
		23.958	7.367	2.846.766	2.830.175	2.760.746	(69.430)	103%

Annað:

Innri leiga áhalda og tækja	I9997				389	389	0%
					389	389	0%

Íþrótt- og tómstundasvið samtals

		1.423.308	3.154.965	5.148.417	6.880.075	6.766.038	(114.036)	102%
--	--	------------------	------------------	------------------	------------------	------------------	-------------------	-------------

Frávikagreining einstakra starfsstaða

Yfirstjórn

I1990 Íþróttta- og tómstundaráð

Rekstrarniðurstaða Íþróttta- og tómstundaráðs nam 11.899 þkr. sem er 325 þkr eða 2,8% hærri en áætlun ársins. Skýringar á frávikum er að 2 fulltrúar fóru í kynnisferð á sundlaugum og íþróttamannvirkjum í Þýskalandi með ÍBR og fulltrúum sviðsins.

I2000 Skrifstofa ÍTR

Rekstrarniðurstaða skrifstofu ÍTR nam 127.887 þkr sem er 2.721 þkr eða 2,2% hærri en áætlun ársins.

Skýringar á frávikum má rekja til aukins húsaleigukostnaðar en skrifstofa ÍTR flutti í apríl af Bæjarhálsi á Höfðatorg og þurfti að borga húsaleigu á báðum stöðunum í tvo mánuði. Kostnaður við leigu á Höfðatorgi er lítillega hærri í hverjum mánuði.


Skrifstofa tómstundamála

Eins og áður hefur komið fram sendi sviðið frá sér afkomuviðvörðun um mitt ár þar sem fram komu hættumerki um að rekstur einstakra eininga yrðu ekki í samræmi við fjárhagsáætlun. Gert hafði verið ráð fyrir að farið yrði í sameiningu á nokkrum félagsmiðstöðvum í samræmi við breytingar á rekstrarfyrirkomulagi skóla. Þegar líða fór á árið var ljóst að ekki yrði af breytingum í rekstri skólanna.

Einnig var ákveðið að fresta breytingum á þjónustuhverfum ÍTR í ljósi yfirvofandi stjórnkerfisbreytinga.

Vegna þessara hagræðingaraðgerða sem ljóst var að næðu ekki fram að ganga var dregið eins mikið úr kostnaði og unnt var á miðlægum liðum á skrifstofu tómstundamála. Ljóst er að ekki er hægt að ganga eins langt í niðurskurði á þeim liðum á næstu árum. Einnig var farið í að breyta áætlun frístundamiðstöðva til að draga úr kostnaðaráhrifum seinkunnar hagræðingaraðgerðanna.

Skipting rekstrarútgjalda skrifstofunnar er þannig að 74,9% af útgjöldum er launakostnaður. Kostnaður við leigu á mannvirkjum er um 9,7%.



I301 Frístundamiðstöðin Miðberg

Rekstrarniðurstaða nam 117.403 þkr sem er 2.337 þkr eða 2% undir samþykktari áætlun ársins. Áætlun að teknu tilliti til leiðréttinga nam 118.965 þkr, frávik frá þeirri áætlun nam 1.562 þkr eða -1,3%.

Rekstraruppgjör ÍTR 2011

I302 Frístundamiðstöðin Kringlumýri

Rekstrarniðurstaða nam 132.579 þkr sem er 5.605 þkr eða 4,4% yfir samþykkttri áætlun ársins. Áætlun að teknu tilliti til leiðréttinga nam 131.277 þkr, frávik frá þeirri áætlun nam 1.307 þkr eða 1%.

I303 Frístundamiðstöðin Kampur

Rekstrarniðurstaða nam 62.812 þkr sem er 8.794 þkr eða 16,3% yfir samþykkttri áætlun ársins. Áætlun að teknu tilliti til leiðréttinga nam 63.847 þkr, frávik frá þeirri áætlun nam 1.038 þkr eða -1,4%. Ein af hagræðingatillögum sem ekki gekk eftir var að breyting yrði á skiptingu þjónustuhverfa þannig að hægt yrði að sameina tvær frístundamiðstöðvar í eina. Áætluð áhrif af sameiningunni voru færð á Kamp í áætluninni.

I304 Frístundamiðstöðin Ársel

Rekstrarniðurstaða nam 138.527 þkr sem er 1.344 þkr eða 1% undir samþykkttri áætlun ársins. Áætlun að teknu tilliti til leiðréttinga nam 138.046 þkr, frávik frá þeirri áætlun nam 482 þkr eða 0,4%.

I305 Frístundamiðstöðin Frostaskjól

Rekstrarniðurstaða nam 60.121 þkr sem er 203 þkr eða 0,3% undir samþykkttri áætlun ársins. Áætlun að teknu tilliti til leiðréttinga nam 60.090 þkr, frávik frá þeirri áætlun nam 29 þkr eða 0,05%.

I309 Frístundamiðstöðin Gufunesbær

Rekstrarniðurstaða nam 129.506 þkr sem er 17.182 þkr eða 15,3% yfir samþykkttri áætlun ársins. Áætlun að teknu tilliti til leiðréttinga nam 12.379 þkr, frávik frá þeirri áætlun nam 126 þkr eða 0,1%. Í fjárhagsáætlun ÍTR var gert ráð fyrir að breyting yrði á uppbyggingu skóla í Grafarvogi sem myndi leiða til sameiningar félagsmiðstöðva. Frestun varð á breytingu skólanna þannig að ekki varð af sameiningu félagsmiðstöðvanna. Leiðrétt áætlunin tekur tillit til þessara frestunar.

I3510 Félagsstarf í hverfum

Rekstrarniðurstaða nam 7.598 þkr sem er 2.326 þkr eða 23,4% undir samþykkttri áætlun ársins. Vegna frestunar á að hagræðingaraðgerðir tómstundaskrifstofu, sameining félagsmiðstöðva og breyting á þjónustuhverfum, var dregið eins mikið úr kostnaði á þessum lið og mögulegt var.

I3720 Starfsemi fyrir fatlaða

Rekstrarniðurstaða nam 1.934 þkr sem er 2.610 þkr eða 57,4% undir samþykkttri áætlun ársins. Vegna frestunar á að hagræðingaraðgerðir tómstundaskrifstofu, sameining félagsmiðstöðva og breyting á þjónustuhverfum, var dregið eins mikið úr kostnaði á þessum lið og mögulegt var.

I3910 Sumarnámskeið fyrir börn

Rekstrarniðurstaða nam 18.240 þkr sem er 7.364 þkr eða 28,8% undir samþykkttri áætlun ársins. Vegna frestunar á að hagræðingaraðgerðir tómstundaskrifstofu, sameining

Rekstraruppgjör ÍTR 2011

félagsmiðstöðva og breyting á þjónustuhverfum, var dregið eins mikið úr kostnaði á þessum lið og mögulegt var.

I71 Frístundaheimili

Rekstrarniðurstaða nam 757.269 þkr sem 28.125 þkr. eða 3,6% undir áætlun ársins. Barnafjöldi á vormisseri var í samræmi við áætlun sem og fjöldi fimm daga pláss. Á haustmisseri var barnafjöldinn lítillega undir forsendum fjárhagsáætlunar. Vegna sameininga Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla í Klettaskóla um haustið varð breyting á rekstarumhverfi frístundaheimilisins í Vesturhlíð. Ungmennn í Safamýrarskóla hafa hingað til ekki notið þjónustu í Vesturhlíð heldur verið þjónustuð af Safamýrarskóla. Tekjur námu 414.125 þkr sem er 16.978 þkr undir fjárhagsáætlun ársins. Skýringar á frávikum eru að ekki tókst að hækka gjaldskrá 1. janúar eins áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur vegna síðdegishressingar eru undir áætlun þar sem ekki öll börn nýta sér þá þjónustu, en að sama skapi er kostnaður vegna hennar lægri.

Launakostnaður nam 966.353 þkr sem er 47.103 þkr undir áætlun. Kostnaður vegna stuðnings var 35 mkr yfir áætlun vegna aukinnar stuðningsþarfar. Gera má ráð fyrir að kostnaður vegna stuðnings muni halda áfram að hækka á næstu árum vegna aukinna greininga. Undanfarin ár hefur verið markviss vinna við að draga úr kostnaði við stuðning án þess að þjónustan versni, er það meðal annars gert með auknum hópastuðningi.

Annar kostnaður nam 205.783 þkr sem er 2.742 þkr yfir áætlun. Kostnaður vegna síðdegishressingar var töluvert lægri en gert hafði verið ráð fyrir vegna minni skráningar í hressinguna. Kostnaður við rútur fyrir safnfrístund í Frostheimum var 6,1 mkr sem er mun hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir, kostnaðurinn við rúturnar er farinn að vera svo til á pari við rekstur almenns frístundaheimilins og er brýnt að finna aðrar leiðir til að koma börnunum í safnfrístundina.

I718 Frístundaklúbbar

Rekstrarniðurstaða nam 172.263 þkr. sem er 23.887 þkr eða 16,1% yfir áætlun ársins. Í afkomuviðvörðun sviðsins frá miðju ári var gert grein fyrir að framlag Jöfnunarsjóðs vegna reksturs klúbbanna yrði mun lægri en áætlun ársins gerði ráð fyrir. Greiðsla frá jöfnunarsjóði kom mjög seint á árinu og því lá ekki endanlega fyrir hvert framlagið yrði í raun og veru.

Tekjur námu 49.168 þkr. sem er 64.128 þkr undir áætlun ársins. Frávik má rekja til lægra framlags jöfnunarsjóðs, 30 mkr og minni tekna af vistunargjöldum.

Launakostnaður nam 172.563 þkr sem er 40.724 þkr undir áætlun ársins.


Annar kostnaður nam 48.895 þkr sem er 482 þkr yfir áætlun ársins.

Skrifstofa Íþróttamála


Aðsókn í sundlaugar borgarinnar dróst saman um 134.229 frá fyrra ári, en alls komu 1.770.728 gestir í laugarnar. Árið 2010 var sérstakt að því leiti að börnum og ungmennum var gefið frítt í sund í 6 vikur sem hafði mikil áhrif á aðsókn þess aldurshóps.

Rekstraruppgjör ÍTR 2011

Þróun framlags Reykjavíkur á hvern gest hefur haldið áfram að lækka eins og sjá má á meðfylgjandi mynd, sem sýnir þróun einingakostnaðar, tekna og framlags borgarinnar á verðlagi 2011. Sjá má að gestafjöldi minnkar milli ára, tekjur per gest eru að aukast og framlag borgarinnar er að lækka lítillega. Það að kostnaður á hvern gest lækkar þrátt fyrir að gestum fækkar gefur til kynna að þær aðgerðir sem var farið í með breytingu á vaktakerfi sundstaða sé að skila árangri. Það hafa orðið töluverðar kostnaðarhækkanir á árinu 2011 sem taka verður tillit til og má þar meðal annars nefna kjarasamninga og orkukostnað.




Sjá má fækkun í öllum aðsóknarhópum þegar samanburðurinn er árið 2010. En þegar litið er litið er aftur til ársins 2009 er ekki sama fækkun í gangi hjá öllum hópum. Eitt af því sem hefur áhrif á fækkun gesta er að á haustmisseri 2011 var ráðist í miklar endurbætur á laugum borgarinnar. Eimbað í Grafarvogslaug var endurnýjað en meðan á þeim framkvæmdum stóð var fækkun í gestafjölda laugarinnar greinilegt. Laugarbakki Laugardalslaugar var endurnýjaður, lauginni var haldið opinni á meðan á framkvæmdum stóð en sýnileg fækkun varð á gestum meðal annars úr Laugum.



Auk framkvæmda var vaktakerfi sundalauganna breytt 1. apríl með tilheyrandi breytingu á opnunartíma. Breytingin hefur haft mismikið að segja varðandi aðsókn í einstakar laugar, til að mynda er áberandi mest fækkun gesta í Árbæjarlaug.

Skipting rekstrarútgjalda skrifstofunnar er þannig að 33,2% af útgjöldum er launakostnaður. Kostnaður við leigu á mannvirkjum er um 44,1%. Leiga mannvirkja hefur hækkað verulega undanfarin ár og má skýra kostnaðaraukningu sundlauga undanfarin ár til mestmegnis til hennar. Gerður var samningur við ÍR, Fjölni, Fylki og Ármann um aðkomu þeirra að rekstri íþróttahúsa.



Rekstraruppgjör ÍTR 2011

Sundlaugar

Rekstrarniðurstaða sundlauganna í heild nam 952.809 þkr sem er 14.348 þkr. eða 1,5% hærri en fjárhagsáætlun.

Í byrjun árs kom í ljós að Velferðarsvið ákvað að skerða framlög vegna sundferða aldraðra og öryrkja um 11,7 mkr. Skerðingin átti að eiga sér stað með því að hækka aldursmörk eldri borgara upp í 70 ár. ÍTR hefur á undanförunum árum afhent eldri borgurum rafrænt kort sem veitir aðgang í laugarinnar, ákveðið í samráði við Velferðarsvið að taka ekki réttindi af eldri borgurum 68-69 ára sem þegar höfðu fengið kortin.

15000 Laugardalslaug

Rekstrarniðurstaða nam 370.709 þkr sem er 11.557 þkr eða 3,2% yfir áætlun ársins.

Tekjur námu 221.941 þkr sem er 12.912 þkr undir áætlun ársins. Í forsendum tekjuáætlunar Laugardalslaugar var gert ráð fyrir svipaðri dreifingu heildartekna lauganna og undanfarin ár en ljóst er að endurskoða hefði þurft þá skiptingu. Ákvörðun velferðarsviðs um lækkun á framlagi vegna sundferða aldraðra og öryrkja hefur mest áhrif í Laugardalslauginni.

Launakostnaður nam 214.149 þkr sem er 6.281 þkr. undir áætlun ársins. Breyting á vaktakerfi laugarinnar skilaði betri árangri en gert var ráð fyrir auk þess sem mikið aðhald var í allri yfirvinnu.

Annar kostnaður nam 108.962 þkr. sem er 1.832 þkr. yfir áætlun. Kostnaður vegna vörukaupa í veitingasölu var hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Innri leiga var 3.094 þkr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Við gerð fjárhagsáætlunar var gert ráð fyrir að skila húsnæði sem ekki var í notkun undir stúkunni. Var eignasjóði sent bréf um uppsögn húsnæðisins en leiga hélt áfram að gjaldfærast.

15010 Vesturbæjarlaug

Rekstrarniðurstaða nam 58.773 þkr sem er 389 þkr eða 0,7% undir áætlun ársins.

Tekjur námu 71.154 þkr sem er 3.890 þkr hærri en áætlun.

Launakostnaður nam 73.055 þkr sem er 121 þkr. undir áætlun ársins.

Annar kostnaður nam 34.247 þkr sem er 3.622 þkr hærri en áætlun ársins. Vegna breytinga á ræstingarfyrrirkomulagi í lauginni féll til upphafskostnaður vegna ræstivara. Kostnaður vegna aðfanga í veitingasölu var hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem endurspeglast í hærri tekjum.

15020 Sundhöll

Rekstrarniðurstaða nam 89.686 þkr sem er 7.425 þkr eða 7,6% undir áætlun ársins.

Tekjur námu 45.778 þkr sem er 1.746 þkr hærri en áætlun.

Launakostnaður nam 72.382 þkr sem er 4.140 þkr. undir áætlun ársins, breyting á vaktakerfi laugarinnar skilaði meiri árangri en búist var við í upphafi.

Annar kostnaður nam 18.388 þkr sem er 275 þkr hærri en áætlun ársins.

Rekstraruppgjör ÍTR 2011

15030 Breiðholtslaug

Rekstrarniðurstaða nam 119.980 þkr sem er 8.925 þkr eða 8% yfir áætlun ársins. Áætlað hafði verið að loka lauginni í 3 vikur í byrjun sumars vegna viðhaldsframkvæmda, en af þessum framkvæmdum varð ekki.

Tekjur námu 54.205 þkr sem er 4,828 þkr undir áætlun. Í forsendum tekjuáætlunar Breiðholtslaugar var gert ráð fyrir svipaðri dreifingu heildartekna lauganna og undanfarin ár en ljóst er að endurskoða hefði þurft þá skiptingu. Ákvörðun velferðarsviðs um lækkun á framlagi vegna sundferða aldraðra og öryrkja hefur töluverð áhrif í Breiðholtslauginni þar sem laugin hefur næst mesta aðsókn í þessum hópi af öllum laugum borgarinnar.

Launakostnaður nam 87.683 þkr sem er 1.179 þkr. undir áætlun ársins, breyting á vaktakerfi laugarinnar skilaði meiri árangri en búist var við í upphafi.

Annar kostnaður nam 37.783 þkr sem er 2.276 þkr hærri en áætlun ársins. Frávik má rekja til endurnýjunar á búnaði og aðföngum í veitingasölu.

Innri leiga nam 48.719 þkr. sem er 3.000 þkr hærri en áætlun. Við gerð fjárhagsáætlunar var stefnt að því að skila kjallarnum sem er undir húsnæðinu og hefur ekki verið nýttur.

15040 Árbæjarlaug

Rekstrarniðurstaða nam 168.028 þkr sem er 7.130 þkr eða 4,4% yfir áætlun ársins.

Tekjur námu 84.219 þkr sem er 6.224 þkr undir áætlun. Í forsendum tekjuáætlunar Árbæjarlaugar var gert ráð fyrir svipaðri dreifingu heildartekna lauganna og undanfarin ár en ljóst er að endurskoða hefði þurft þá skiptingu. Breyting á vaktakerfi Árbæjarlaugar hefur leitt til töluverðrar fækkunar gesta.

Launakostnaður nam 88.874 þkr sem er 627 þkr. yfir áætlun ársins.

Annar kostnaður nam 56.716 þkr sem er 243 þkr hærri en áætlun ársins.

15050 Grafarvogslaug

Rekstrarniðurstaða nam 145.631 þkr sem er 5.448 þkr eða 3,6% undir áætlun ársins.

Tekjur námu 80.546 þkr sem er 9.448 þkr yfir áætlun.

Launakostnaður nam 91.449 þkr sem er 5.375þkr. undir áætlun ársins.

Annar kostnaður nam 47.201 þkr sem er 9.374 þkr hærri en áætlun ársins. Frávik skýrast af hærri kostnaði vegna aðfanga í veitingasölu.

Íþróttamannvirki

15051 Íþróttahús í Grafarvogi

Rekstrarniðurstaða nam 77.342 þkr sem er 1.455 þkr eða 1,9% yfir áætlun ársins. Á árinu var rekstur íþróttahússins fluttur yfir til Ungmennafélagsins Fjölnis sem hafði kostnað í för með sér sem ekki var gert ráð fyrir.

Rekstraruppgjör ÍTR 2011

Leiga á íþróttasal undir skólaleikfimi varð töluvert undir áætlun ársins. Leigan hefur farið lækkanði ár frá ári sem þarfnast nánari skoðunar.

15220 Íþróttahús í Seljahverfi

Rekstrarniðurstaða nam 40.511 þkr sem er 39.391 þkr eða 2,8% yfir áætlun ársins. Á árinu var rekstur íþróttahússins fluttur yfir til Íþróttafélags Reykjavíkur sem hafði ákveðinn kostnað í för með sér sem ekki var gert ráð fyrir.

15240 Laugaból

Rekstrarniðurstaða nam 135.518 þkr sem er 2.198 þkr eða 1,6% yfir áætlun ársins.

Á árinu var rekstur mannvirkisins fluttur yfir til Knattspyrnufélagsins Þróttar og Glímufélagsins Ármanns sem hafði ákveðinn kostnað í för með sér. Tekjur voru lægri en gert var ráð fyrir þann tíma sem ÍTR sá um rekstur mannvirkisins.

15080 Ylströnd

Rekstrarniðurstaða nam 32.244 þkr sem er 1.684 þkr eða 5,2% yfir áætlun ársins.

Fyrirhugað var að innheimta gjald af sjósundsiðkendum yfir vetrartímann sem átti að skila 3 mkr í tekjur samkvæmt áætlun. Ekki náðist að koma innheimtunni af stað á árinu og var gerð grein fyrir þessum frávikum í afkomuviðvörðun sviðsins. Sjósundið er svo til ný þjónusta sem hefur undið verulega upp á sig á undanförunum árum án þess að sérstakar fjárveitingar hafi komið til.

15411 Gervigrasvöllur við Austurberg

Rekstrarniðurstaða nam 55.850 þkr sem er 1.135 þkr eða 2,1% yfir áætlun ársins.

Kostnaður vegna orkunotkunar var 2,5 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

15300 Siglingar í Nauthólsvík

Rekstrarniðurstaða nam 23.010 þkr sem er 321 þkr eða 1,4% yfir áætlun ársins.

Frávik má skýra með hærri innri leigu vegna húsnæðis sem ÍTR ætlaði ekki að greiða leigu af.

1540 Þjónusta við félög

Rekstrarniðurstaða nam 44.995 þkr sem er 4.975 þkr eða 12,4% yfir áætlun ársins.

Vegna tafa á afhendingu vallar og aðstöðu í Úlfarsárdal þurfti að bregðast við fyrisjánlegum vandræðum með því að leigja aðstöðu fyrir Knattspyrnufélagið Fram í Leirdal svo að hægt yrði að halda úti þjónustu í Grafarholti og Úlfarsárdal, leigukostnaður sem ekki var gert ráð fyrir nam 2,2 mkr. Kostnaður við viðhald valla var mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir og var til að mynda kostnaður við slittun á völlum 1,3 mkr en ekki var gert ráð fyrir þeim kostnaði í áætlun.

Sameiginlegir liðir

18000 Hátíðahöld 17. Júní

Rekstrarniðurstaða nam 15.075 þkr sem er 2.075 þkr eða 16% yfir áætlun ársins.

Rekstraruppgjör ÍTR 2011

Megin skýring á frávikum er að reikningur frá framkvæmdasviði vegna undirbúnings og frágangs eftir hátíðahöldin var mun hærri Þjóðhátíðarnefnd og ÍTR taldi.

I8460 Sameiginlegur kostnaður

Rekstrarniðurstaða nam 31.232 þkr sem er 12.589 þkr eða 67,5% yfir áætlun ársins.

Í september koma krafa um miðlægan sparnað sviða þar sem ein hagræðingarkrafan var lækkun á bifreiðastyrkja upp á 1,2 mkr, en heildarkostnaður sviðsins vegna bifreiðastyrkja var 23,8 mkr. Erfitt er að bregðast við breytingum á akstursgreiðslum þegar lítið er eftir af árinu.

Kostnaður við skólavinaverkefni í Breiðholti var 1 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Á þennan lið var færður ýmis kostnaður sem hefði átt að færast á aðra liði, eins og miðlægan kostnað sundlauga og fræðslu starfsmanna sem eru töluvert undir áætlun.

I8461 Langtímaveikindi

Rekstrarniðurstaða nam 40.625 þkr sem er 1.927 þkr eða 5% yfir áætlun ársins.

Langtímaveikindi voru meiri á haustmisseri en gert hafði verið ráð fyrir.

I8465 Leiga tölvubúnaðar – UTM

Rekstrarniðurstaða nam 51.070 þkr sem er 1.070 þkr eða 2,1% yfir áætlun ársins.

Kostnaður vegna leigu á tölvum vegna tímabundinna verkefna er færður hér en hefði átt að fara á verkefnin sjálf. UTM hefur verið að leiðrétta skráningu á hugbúnaði sem er í tölvum ÍTR sem hefur leitt til fjölgunar hugbúnaðarleyfa sem ÍTR þarf að greiða fyrir.

I2010 Kynningar- og markaðsmál

Rekstrarniðurstaða nam 5.541 þkr sem er 1.803 þkr eða 24,6% undir áætlun ársins.

Síðustu ár hefur verið unnið markvisst að því að draga úr kostnaði vegna kynningarmála eins og kostur er. Náðst hefur góður árangur í að lækka kostnaðinn, en gera þarf ráð fyrir að ef aðsókn á sundstaði dregist mikið saman þarf að fara í markaðsátak sem hefur töluverðan kostnað í för með sér. Varhugavert getur verið að draga úr of mikið í kynningarmálum ÍTR þar sem þessir staðir eru verulega háðir tekjum í aðgangseyri og því er nauðsynlegt að starfsemin sé vel kynnt.

I2020 Fræðsla starfsmanna

Rekstrarniðurstaða nam 7.812 þkr sem er 5.539 þkr eða 41,5% undir áætlun ársins.

Styrkir

I9320 Húsaleigu – og æfinastyrkir

Rekstrarniðurstaða nam 1.626.375 þkr sem er 41.902 þkr eða 2,6% yfir áætlun ársins.

Kostnaður vegna leigu á Egilshöll og Íþrótt- og sýningarhöll var 13,5 mkr hærri en áætlun vegna óhagstæðari verðlagsþróunar en forsendur fjárhagsáætlunar gerðu ráð fyrir. Forsendur fjárhagsáætlunar voru að verðbólga yrði 1% en raunin varð 3,6% miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Rekstraruppgjör ÍTR 2011

Kostnaður vegna leigu á skólasölum var 8,9 mkr hærri en áætlun. Frávikið má rekja til tveggja þátta, leigu á sundlaugum skólanna sem ekki var gert ráð fyrir að ÍTR myndi greiða fyrir og hins vegar rúkkun fyrir hluta úr viku umfram notkun á haustmisseri. Auk þess var kostnaður vegna leigu á sundlaug Ölduselsskóla sem ekki var í áætlun.

Norrænt grunnskólamót var haldið í Reykjavík, upphaflega átti mótið að vera í Reykjavík 2010 en vegna fjárhagserfiðleika í Reykjavík var mótið haldið í Finnlandi það ár. Frá því að Reykjavík hóf þátttöku í leikunum hefur það verið hefð að ÍTR og menntasvið skipta kostnaðinum jafnt á milli sín. ÍTR gerði ráð fyrir sínum hluta í fjárhagsáætlun 2011 en menntasvið ekki. ÍTR greiddi allan kostnaðinn við leikana þar sem borgarstjóri ákvað að halda leikana þrátt fyrir að fjármögnun þeirra lægi ekki fyrir. Kostnaðaraukning ÍTR vegna mótsins er 6 mkr sem samkvæmt venju hefði átt að falla á menntasvið.

Kostnaður vegna leigu á gístiaðstöðu fyrir félög sem koma á ReyCup í skólum borgarinnar var mun hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Kostnaður vegna ReyCup og Reykjavíkumarþons fór 5,6 mkr fram úr áætlun vegna þessa. Ákveðið hefur verið að breyta fyrirkomulaginu varðandi ReyCup frá og með árinu 2012.


Kostnaður vegna rekstur fimleikahúss og félagsmiðstöðvar í Norðlingaholti var 5 mkr hærri en áætlun. Frávik í kostnaði má rekja að mestu til orkunotkunar.

19340 Frístundakort

Rekstrarniðurstaða nam 379.204 þkr sem er 13.409 þkr eða 3,7% yfir áætlun ársins.

Ráðstafanir í desember voru mun hærri en gert var ráð fyrir í áætlun ársins. Hafa ber í huga að um opið kerfi er að ræða þar sem ekki er hægt að stýra nýtingu kortsins á neinn hátt. Öll börn og ungmenni á aldrinu 6-18 ára fá heimild til að ráðstafa kr. 25.000,- til frístunda- og tómstundaiðkunar á árinu. ÍTR telur að gera verði ráðstafanir til að leiðrétta fjárveitinguna eða finna leiðir til að draga úr útgjöldum vegna kortsins.

Á árinu 2009 var samþykkt að leyfa ráðstafanir í frístundaheimili borgarinnar sem var ekki gert ráð fyrir í upphafi þegar frístundakortinu var komið á. Bent var á að ráðstafanir myndu aukast við þessa aðgerð þar sem stór hluti af 6-9 ára árgangnum væri í frístundaheimilum ÍTR, en ekki var gert ráð fyrir auknum ráðstöfunum eða fjármunum þrátt fyrir þessa ábendingu. Á árinu 2011 var hlutfall ráðstafana í frístundaheimilin 5%, eða 19 mkr og



er þá ekki tekið tillit til umsýslugjaldssins sem önnur félög fá greitt, ráðstafanir eru því herra hlutfall í raun. Þegar frístundakortinu var komið á var gert ráð fyrir að nýting kortsins væri í kringum 65%, nýting 2011 var 75% í raun. Nýtingin hefur verið að vaxa undanfarin ár án þess að fjárhagsáætlun taki tillit til þess. Það er ekki réttlætanlegt að almennur rekstur ÍTR þurfi að draga saman seglin til að taka á sífellt aukinni nýtingu í kerfi þar sem ekki er mögulegt að stýra fjárútlátum með góðu móti.

Rekstraruppgjör ÍTR 2011

I9998 Stofnstyrkir

Rekstaraniðurstaða nemur 2.628 þkr. en ekki var gerð áætlun á þessum lið. Þetta er kostnaður sem framkvæmdasvið hefur lagt út fyrir vegna framkvæmda sem voru fyrirhugaðar á sínum tíma í Vatnarárdís í Úlfarsárdal og mannvirkjagerð fyrir Fylki. Óvíst er hvort að af þessum framkvæmdum verði og því rétt að gjaldfæra undirbúningskostnaðinn sem búið var að leggja út í.